

## I. fundur

Fyrsti fundur Etadeildar starfsárið 2007-2008 var haldinn 24. september kl. 18:00 á Grand Hotel.

Mættar voru: Guðrún Hrefna, Ásta, Brynhildur, Elísabet, Gerður, Guðrún Geirsd., Hafdís, Inga Margrét, Ingibjörg, Kristín Ólafsd., Kristín Steinarsd., Magnea, Ósa, Rannveig, Stefanía, Vilborg og Auður

1. Guðrún Hrefna setti fund og kveikti á kertum.
  2. Elísabet Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði um tímann og afstæði hans.
  3. Brynhildur kvaddi sér hljóðs í tilefni þess að Auður varð sjötug nýlega og lauk löngum starfsferli sínum þar með. Var Auði færð rós af þessu tilefni auk þess sem Brynhildur fór lofsamlegum orðum um starfsferil hennar.
  4. Guðrún Hrefna minntist þess að nú væru liðin 10 ár frá stofnun Etadeildar og minntist á ýmislegt af því sem við höfum fengist við þann tíma. Hún rakti stefnumótunarferli s.l. árs og minnti á þau gildi sem við höfðum orðið ásáttar um: frumkvæði, fagmennsku, samkennd. Hún fjallaði um markmiðin sem við settum okkur og kvað nú vera kominn tíma til að láta aðgerðir fylgja.  
Ræða hennar var hvatning til okkar að standa vörð um þau gildi og lífssýn sem við kennum okkur við og vinna þeim brautargengi. Hún benti á þann styrk sem býr í hópi sem okkar, þar sem sameiginleg gildi og fagmennska liggja til grundvallar og hvatti til þátttöku í opinni umræðu. Hún velti upp þeirri spurningu hvernig best væri að ná eyrum fjöldans og gerði í því samhengi að umtalsefni hvernig allir væru reiðubúnir að hlusta á athafnamenn og aðila fjármálageirans meðan ýmsar aðrar raddir ættu sér minni hljómgrunn. Ræða Guðrúnar Hrefnu vakti verðskuldaða athygli allra og nú er hægt að lesa hana í heild á heimasíðu DKG (<http://www.dkg.muna.is>) undir Etadeild.
  5. Aðgerðaráætlun Etadeildar var næst á dagskrá og var skipt í hópa eftir viðfangsefnum sem Guðrún Hrefna hafði tekið saman úr stefnumótunarplaggi s.l. árs. Hóparnir voru fjórir og viðfangsefnin voru:
    1. Að velja verkefni utan deildar til að vinna að
    2. Að efla innbyrðis tengsl Etakvenna
    3. Að hafa forystu í faglegri umræðu
    4. Að efla tengsl við konur í öðrum deildum, innanlands og utan
- Hóparnir unnu síðan hver fyrir sig og var ákveðið að hver hópur skilaði skýrslu til formanns um miðjan október.

6. Stutt kynning fór fram á niðurstöðum hópumræðna.

7. Fleira gerðist ekki og fundi var slitið kl. 20:30 og ETA konur héldu á braut eftir góðan fund og ljúffengan málsverð.

Auður Torfadóttir skráði